

GLOBAL EQUITY FUND

\$ safnbréf í flokki I ISIN: LU0330915322

Janus Henderson
INVESTORS

Undirsjóður Janus Henderson Fund, SICAV-sjóðs sem Henderson Management S.A stýrir.

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Markmiðið er að ávaxta eignir sjóðsins umfram væntan meðalvöxt á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir minnst tvo þriðju hreinna eigna sinna í:

- Sambjöppuðu safni hlutabréfa eða hlutabréfatengdra verðbréfa alþjóðlegra fyrirtækja

Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta í:

- Peningamarkaðsbréfum
- Bankainnlánum

Við val á fjárfestingum leitar fjárfestingastjóri að fyrirtækjum sem hafa komið sér upp öflugum sérleyfum og samkeppnisforski og starfa á mörkuðum sem fjárfestingastjóri telur að skapi grundvöll fyrir mikinn og stöðugan vöxt.

Sjóðurinn kann að nota afleiður til að draga úr áhættu eða til hagræðingar í rekstri sjóðsins.

Tilmæli: sjóðurinn hentar ef til vill ekki fjárfestum sem hyggjast taka út fé sitt innan skamms tíma.

Sjóðnum er ætlað að vera aðeins einn þáttur af nokkrum í dreifðu fjárfestingasafni. Fjárfestar ættu að íhuga vandlega hve hátt hlutfall safnsins þeir fjárfesta í sjóðnum.

Gjaldmiðli sjóðsins USD Gjaldmiðli hlutdeildarflokksins USD

Hugtök til að skilja

Afleiður Fjármálagerningar með virði sem er tengt verði undirliggjandi eignar (t.d. vísitölur, gengi og hlutabréfaverð).

Peningamarkaðsbréfum Skammtímaskuldagerningur útgefinn af ríkisstjórn eða fyrirtæki til að afla fjár. Almenn talið ígildi reiðufjár.

Hlutabréf Verðbréf sem segja til um eignarhald í fyrirtæki.

Flókt Hversu mikil hækkun og lækkun hlutabréfaverðs hefur verið, oftast á nokkurra ára tímabili.

Þú getur keypt, selt eða skipt hlutdeildarskírteinum í sjóðnum alla virka daga eins og tilgreint er í kaflanum „Orðalisti“ í útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn býður upp á safnbréf (þar sem hreinum tekjum er haldið inni í verðinu) og tekjubréf (þar sem hreinar tekjur kunna að vera greiddar út til fjárfesta).

Áhættu- og ávinningslýsing

◆ Mögulega lægri ávöxtun	Mögulega hærra ávöxtun ◆					
◆ Minni áhætta	Meiri áhætta ◆					
1	2	3	4	5	6	7

Virði fjárfestingar og allra tekna af henni getur ýmist hækkað eða lækkað. Þegar þú selur hluti kann virði þeirra að vera minna en þú greiddir fyrir þá.

Ofangreint áhættu- og ávinningsmat er miðað við meðalflokt. Í framtíðinni kunna raunsveiflur í sjóðnum að vera meiri eða minni og áhættu- og ávinningsstig gæti því breyst.

Hlutdeildarflokkurinn telst vera 5 af 7. Á síðustu 5 árum hafa orðið meiri og/eða tíðari verðsveiflur í hlutdeildarflokkum í efri flokkum en í þeim sem eru í lægri flokkum. Lægsti flokkur þýðir ekki að það sé engin áhætta.

Áhættumatið endurspeglar ekki möguleg áhrif óvenjulegra markaðsaðstæðna eða stórfelldra óviðbúinna atburða. Við eðlilegar markaðsaðstæður kunna eftirfarandi hættur að eiga við:

Virki áhættustýring Virkar fjárfestingaraðferðir sem hafa gefið góða raun við eðlilegar markaðsaðstæður gætu reynst árangurslausar eða skaðlegar við aðrar aðstæður.

Sambjöppunaráhætta Sjóðurinn kann að hafa sambjappað eignasafn (fáar eignir) miðað við fjárfestingarumhverfið og óhagstæður atburður sem hefur aðeins áhrif á lítinn fjölda eignir gæti skapað verulegt flókt eða tap hjá sjóðnum.

Mótaðilaáhætta Sjóðurinn kann að tapa fé ef gagnaðili sem hann á í viðskiptum við vill ekki eða getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Afleiðuáhætta Notkun á afleiðum gerir sjóðinn berskjaldaðan fyrir hættum sem eru ólíkar, og mögulega meiri, en hættur sem tengjast beinum fjárfestingum í verðbréfum og kunna því að leiða til frekara taps sem gæti verið töluvert meira en kostnaðurinn við afleiðuna.

Gengisáhætta Breytingar á gengi gjaldmiðla gætu leitt til hækkunar eða lækkunar á fjárfestingunni og tekjum af henni.

Hlutabréfaáhætta Hlutabréf geta falið hratt í verði og að jafnaði er áhættan meiri en af skulda- og peningamarkaðsbréfum. Virði fjárfestingar gæti þar af leiðandi minnkað.

Áhættuvarnaáhætta Ef sjóðurinn eða tiltekinn hlutdeildarflokkur innan sjóðsins leitast við að draga úr áhættu (svo sem gengisbreytingum) gætu aðgerðirnar sem beitt er til þess reynst gagnslausar, ótíltækar eða skaðlegar.

Lausafjárahætta Það gæti orðið erfitt að verðmeta eða selja verðbréf á áætluðum tíma og verði, sem eykur hættuna á tapi af fjárfestingum.

Fullan lista yfir hættur sem fylgja sjóðnum má finna í kaflanum „Fjárfestingar- og áhættuþættir“ í útboðslýsingu sjóðsins.

Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir renna til rekstrar sjóðsins, þ.m.t. kostnaðar af stýringu og dreifingu. Þessi gjöld draga úr mögulegum vexti fjárfestingar þinnar.

Ef þú fjárfestir í gegnum þriðja aðila er mælt með því að ráðfærir þig beint við viðkomandi þar sem gjöld, afkoma og ákvæði og skilmálar kunna að vera verulega ólíkir því sem sýnt er í þessu skjali.

Stök gjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu*

Skráningargjald	0,00%
Innlausnargjald	0,00%
Skiptigjald (á við um þennan SICAV-sjóð)	0,00%

* Þessi gjöld eru hámarkstölur. Í sumum tilfellum eru gjöldin lægri.

Gjöld sem dregin eru af sjóðnum á ársgrundvelli


Viðvarandi gjöld	1,17%
------------------	-------

Viðvarandi gjöld eru miðað við kostnað á árinu sem lauk 30 september 2017. Viðvarandi gjöld geta verið breytileg frá ári til árs.

Upphæð viðvarandi gjalda felur ekki í sér viðskiptakostnað verðbréfasafns, nema um sé að ræða skráningargjald greitt af hálfu sjóðsins við kaup á hlutum eða einingum í öðrum sjóðum.

Nánari upplýsingar um gjöld má finna í kaflanum „Gjöld“ í útboðslýsingu sjóðsins.

Fyrri afkoma



Fyrri afkoma er reiknuð út í USD.

Sjóðurinn var stofnaður október 2004 og hlutdeildarflokkurinn var stofnaður maí 2015.

Fyrri afkoma gefur ekki vísibendingu um framtíðarafkoma.

Fyrri afkoma sem sýnd er í töflunni tekur til allra gjalda utan skráningargjalda.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili: BNP Paribas Securities Services, Luxembourg Branch.

Til að fá frekari upplýsingar: Þetta skjal með lykilupplýsingum fyrir fjárfesta inniheldur ef til vill ekki allar upplýsingarnar sem þig vantar.

Til að sjá síðasta útgefna verðið á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum, fá frekari upplýsingar um sjóðinn eða nalgast útboðslýsingu eða árs- og árshlutaskýrslur sjóðsins getur þú farið á www.janushenderson.com. Skjölin eru ókeypis og fáanleg á ensku og tilteknum öðrum tungumálum. Einnig má hafa samband við skráða skrifstofu sjóðsins við 2 Rue de Biltbourg, L-1273 Lúxemborg eða næstu umboðsskrifstofu.

Skattar: Fjárfestar skulu athuga að skattalöggjöfin sem á við um sjóðinn getur haft áhrif á skattstöðu fjárfestingarinnar á sjóðnum. Hafðu samband við ráðgjafann þinn til að ræða um hvort þessi fjárfesting henti, skattamál og fleira.

Tilkynningar: SICAV hefur fleiri undirsjóði en þennan. Eignir undirsjóða eru aðskildar svo hver undirsjóður er varinn fyrir öllu tapi og kröfum sem tengjast öðrum undirsjóðum.

Janus Henderson Fund ber einungis ábyrgð á yfirlýsingu í þessu skjali sem eru misvísandi, rangar eða ósamkvæmar viðeigandi

hlutum í útboðslýsingu sjóðsins.

Til að gera viðskiptapantanir: Þú getur keypt, selt eða skipt hlutdeildarskírteinum í þessum sjóði með því að hafa samband við ráðgjafa, dreifingaraðila eða svæðisskrifstofu eða hafa samband við okkur beint hjá Janus Henderson Fund, 14, Porte de France, L-4360 Esch-sur-Alzette, Lúxemborg eða í fjárfestapjónustu í síma +352 2605 9601.

Frekari upplýsingar um viðskipti, aðra hlutdeildarflokka í þessum sjóði eða aðra SICAV-sjóði má finna á www.janushenderson.com eða útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn og Henderson Management S.A. hafa starfsleyfi í Lúxemborg og lúta eftirlit Commission de Surveillance du Secteur Financier („CSSF“).

Upplýsingar um nýjustu launastefnuna, þar á meðal en ekki takmarkað við, lýsingu á því hvernig laun og hlunnindi eru reiknuð út, og upplýsingar um aðila sem ábyrgir eru fyrir greiðslu launa og hlunninda, þar á meðal upplýsingar um meðlimi starfskjaranefndar, má finna á www.janushenderson.com/lupi/documents-finder-eu. Pappírseintak af launastefnunni má fá á skrifstofunni.

Þessar lykilfjárfestingarupplýsingar miðast við 12 febrúar 2018.